


**Umsögn um tillögu til þingsályktunar, þskj. 308 – 272. mál á 130. löggjafarþingi.**

Þingsályktunartillaga um úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur sem Ögmundur Jónasson og Þuríður Backman eru flutningsmenn að, er afar þarft plagg. Þar er lagt til að láatin verði fara fram könnun á forvarna- og meðferðarúrræðum fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur og í framhaldi af henni verði settar fram tillögur um úrbætur. Krýsuvíkursamtökin styðja það eindregið að könnun sem þessi verði gerð. Þau atriði sem í þingsályktunartillögunni er lagt til að tekin yrðu til gagn Gerrar skoðunar eru þessi:

- a) *Markvissara eftirlit með meðferðarúrræðum vímuefnaneytenda.* Eftirlit sem þetta yrði mjög til bóta að álit samtakanna. Löngu er tímabært að koma einhverju skikki á þá margvíslegu flóru sem þarna þrífst, án þess að gert sé lítið úr nauðsyn þess að sérstaða meðferðarúrræðanna fái að njóta sín
- b) *Krafa um árangurstölur sem teknar væru saman af hlutlausum aðilum.* Þetta væri líka jákvætt að mati samtakanna, þar sem í raun og veru er nú hægt að setja fram árangurstölur út frá hvaða viðmiðum sem er og halda því fram að þær séu sambærilegar við hvað annað sem er. Ef viðmiðin eru ljós er líka hægt að gera því skóna að árangurstölur séu sambærilegar.
- c) *Greiningar- og ráðgjafarstöð/móttökustöð.* Þessu atriði eru gerð meiri skil í þingskjali nr. 268 – 248. mál á sama löggjafarþingi. Krýsuvíkursamtökin styðja það að sett verði á laggirnar einhvers konar greiningar- og ráðgjafarstöð, en vilja gjarnan koma á framfæri athugasemdum sínum um það, hvernig henni yrði best fyrir komið innan þjónustukerfis hins opinbera. Það verður gert í athugasemdum með því þingskjali.

Ef þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar gætu komið sér saman um að úr þeim tveimur þingskjölum sem þarna um ræðir yrði heildstætt átak í málefnum þeirra sem þurfa áfengis- og vímuefnamedferð, væri þarna um að ræða mikið þjóðþrifamál að mati Krýsuvíkursamtakanna.

Fyrir hönd Krýsuvíkursamtakanna

  
Sigurlína Davíðsdóttir  
formaður stjórnar